

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 14. apríl 2005.

**Efni: Frv. til I. um um br. á I. nr. 90/2003 um tekju/eignask (137. mál).**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð hefur margt að athuga við reglur um birtingu álagningaskrár. Með tilliti til eðli máls en ekki síður í ljósi þess hvernig framkvæmdin hefur þróast síðustu ár, að því er virðist stjórnlaust, telur Verslunarráð ekki eðlilegt að álagningaskrá og skattskrá séu gerðar opinberar.

Athyglisvert hefur verið að fylgjast með starfsháttum skattstjóra í kringum hina lögbundnu birtingu. Þó skattstjórum sé skylt að leggja fram álagningaskrár í tvær vikur hlýtur það að teljast með ólíkindum hvernig staðið er að því. Þannig hafa skattstjórar ekki látið það nægja að leggja skrárnar fram eins og lög mæla einungis fyrir um heldur leggja þeir mikla vinnu í að koma upplýsingum úr skránni til fjölmiðla, sem þeim er hvorki skylt né, að margra mati, heimilt. Þannig vinna skattstjórar sérstakan lista upp úr skránni yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverju umdæmi. Þeir kannast jafnvel við slíka lista sem „hákarlalista“ og telja mikla hefð fyrir útgáfu þeirra, rétt eins og ekkert sé sjálfsgöðara en að embættismenn séu á mála hjá fjölmiðlum. Til að bæta um betur fá fjölmiðlar svo sendar álagningaskrár á tölvutæku formi frá skattstjórum til að auðvelda þá æsifrættamennsku sem stöðugt færir í vöxt.

Þó virðist sem mönnum finnist ekki nóg að gert með því að dreifa álagningaskráum til fjölmiðla heldur ganga endurrit úr álagningaskráum kaupum og sölum. Eintakið er selt á tugi þúsunda hverjum sem áhuga hefur. Álagningaskrá er með öðrum orðum komin í eina allsherjardreifingu í þjóðfélaginu í ágúst ár hvert án þess að nokkurri lagaheimild fyrir því sé til að dreifa. Verslunarráð telur óraveg frá þröngri heimild skattstjóra til upplýsingagjafar úr álagningaskrá til þeirrar viðamiklu dreifingar á skránni sem stunduð hefur verið undanfarin ár.

Sérstaklega er vert að hafa í huga að stjórnsýslulögum frá árinu 1993 er einmitt ætlað að tryggja þau réttindi þegnanna sem opinber birting skattskrá helgaðist af upphaflega; nefnilega rétturinn til upplýsinga um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kærueimildir vegna slíkra ákvarðana. Engin rök standa því lengur til þess að opinber birting sé viðhöfð.

Verslunarráð styður því ofangreint frumvarp og hvetur til þess að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.